

**Ed.**

**505. Nefndarálit**

**[176. mál]**

um frv. til laga um Atvinnuþöfnunarsjóð.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Framsóknarflokksmenn hafa mörg undanfarandi ár lagt fram á Alþingi frumvörp um, að ríkið hefji skipulega starfsemi til þess að vinna að byggðajafnvægi í landinu. Meðal annars hafa framsóknarmenn í neðri deild í fjögur ár samfleytt flutt þar frumvarp um, að stofnaður skuli jafnvægissjóður með allmiklu fjármagni að árlegum tekjum og sérstök jafnvægisnefnd kosin af Alþingi til þess að hafa með höndum stjórn sjóðsins og beita sér fyrir viðtækum, opinberum aðgerðum til að stuðla að byggðajafnvægi. Um bæði sjóðinn og nefndina er fyrirmynda að leita

til Norðmanna, svo að ekki er hægt að segja, að blint þurfi í sjóinn að renna með þvílíka starfsemi.

Meiri hluti sá, sem ráðið hefur lögum og lofum á Alþingi þessi ár, hefur hindrað framgang frumvarpanna. Svæfði hann þau ýmist eða vísaði þeim frá með þeim fráleita rökstuðningi, að starfsemi Atvinnubótasjóðs gerði þau óþörf. Vitanlega var þetta fyrirsláttur hinnar óforsjálu íhaldssemi og umbótatregðu.

Hins vegar er nú loksins svo komið, að meiri hlutinn — eða ríkisstjórnin, sem hann styður — leggur fram frumvarp þetta um Atvinnuöfnunarsjóð, sem kalla mætti jafnvægissjóð. Á hann að hafa þingkjörna stjórn, er kalla mætti jafnvæginefnd. Er því með frumvarpinu farið, þótt seint sé, í slóð frumvarpa framsóknarmanna. Geta framsóknarmenn hér greinilega séð nokkurn árangur baráttu sinnar í þessum efnum. Enn fremur ætti stuðningsflokkum ríkisstjórnarinnar að skiljast við flutning þessa frumvarps, hve seinheppin afstaða ríkisstjórnarinnar og liðsafla hennar á Alþingi hefur verið til þessara þýðingarmiklu og ört aðkallandi mála. Hvert athafnaleysisár af hálfu ríkisins í því að vinna af alefli á móti öfugþróun byggðajafnvægmálanna veldur óútreiknanlegu tjóni. Það er svo torvelt á þessum sviðum að kippa í liðinn því, sem úr lið gengur. Miklu hægra er að koma í veg fyrir liðhlaupið, eins og hægra er að styðja en reisa.

Af framansögðu gefur að skilja, að við framsóknarmenn hljótum að styðja framgang þessa frumvarps um Atvinnuöfnunarsjóð og fagna því, það sem það nær. Hins vegar teljum við, að frumvarpið gangi of skammt og þurfi breytinga með, ef að sæmilegu gagni eigi að koma. Frumvarpið ber það með sér, að það er lagt fram af klofnum hug, eins og oft vill verða hjá þeim, sem ganga nauðugir til athafna.

Meiri hluti fjárhagsnefndar, stuðningsmenn ríkisstjórnarinnar, fellst aðeins á minni háttar lagfæringar á frumvarpinu, sem að visu eru til bóta og nefndin leggur sameiginlega fram tillögur um.

Aðrar breytingartillögur fékkst meiri hlutinn ekki til að fallast á, og skilum við þess vegna séráliti og flytjum breytingartillögur sem minni hluti nefndar á sérstöku þingskjali. Sökum þess, hve orðið er áliðið þings og því naumur tími til afgreiðslu mála, göngum við þó skemmra en ella í tillögum um lagfæringar á frumvarpinu, því að ekki viljum við stofna til afgreiðslutafa, er hindrað gætu það, að frumvarpið verði að lögum á þessu þingi, þrátt fyrir vankanta þess.

Fyrsta breytingartillaga okkar er við 2. málsg. 1. gr. frv. og miðar fyrst og fremst að því, að skýrar komi fram, að hlutverk sjóðsins verður að vera víðtækara en að „styðja og styrkja“ atvinnulífið, heldur einnig, ef með þarf, hvers konar menningarlegt athafnalíf, sem gerir staði á nútímamælikvarða búsetuhæfa fyrir fólk.

Önnur breytingartillagan er við 3. gr. frumvarpsins, sem fjallar um það, hverjar skuli vera árlegar tekjur sjóðsins. Er hún aðalbreytingartillaga okkar.

Augljóst er af þessari grein og athugasemdum, er henni fylgja til skýringar með frumvarpinu, að sök bítur sekan. Í athugasemdunum segir ríkisstjórnin orðrétt:

„Eðlilegt þykir, að meginhluti skatttekna af væntanlegri álbræðslu renni til Atvinnuöfnunarsjóðs í því skyni að stuðla að eflingu atvinnulífs víðs vegar um landið til þess að koma í veg fyrir óeðlilegan samdrátt landsbyggðarinnar.“

Með því að heimila — eins og nú er fyrirhugað af meiri hluta Alþingis — erlendum aðila að setja á fót og reka stóriðju á þéttbýlasta svæði landsins, veit ríkisstjórnin og lið hennar, að verið er að stofna til „óeðlilegs samdráttar landsbyggðarinnar.“

Það aukna aðdráttarafli, sem þéttbýlasti hluti landsins fær með stóriðjuframkvæmdunum, verkar margfalt, af því að það kemur snögglega til viðbótar því misvægi, sem nú er við að stríða í búsetuvandamálunum.

Það er algerlega óraunhæft, ef koma á „í veg fyrir óeðlilegan samdrátt lands-

byggðarinnar“, að ætla ekki Atvinnuöfnunarsjóðnum öruggari og meiri tekjur, samkv. umræddri grein, en frumvarpið gerir ráð fyrir. Þær tekjur eru einvörðungu:

- a. Meiri hluti — eða allt upp í ca.  $\frac{3}{4}$  — skattgjalds álbræðslu við Straumsvík.
- b. Vextir.

Fyrst og fremst er á það að líta, að tekjur af skatti frá álbræðslunni verða engar næstu þrjú ár eða þar til hún tekur til starfa, en áhrifin frá henni til ójafnvægis byrja strax og farið er að byggja hana.

Í öðru lagi eru áætlaðar skatttekjur ekki eins og fugl í hendi, heldur eins og fugl í skógi. Enginn veit, hvað lítið kann að verða úr álðraumi ríkisstjórnarinnar.

Í þriðja lagi eru skattgjaldstekjur þessar, eins og þær eru áætlaðar í athugasemdu frumvarpsins, alveg ófullnægjandi fyrir sjóðinn. Miðað við núverandi gengi er áætlað, að skattgjaldstekjur sjóðsins verði:

Árin 1970—1972 .....	11.3 millj. kr. á ári.
— 1973—1975 .....	rúmar 17 — — —
— 1976—1978 .....	36.2 — — —
— 1979—1984 .....	38.7 — — —
— 1985—1987 .....	53.9 — — —

Þetta eru allt of litlar fjárhæðir handa Atvinnuöfnunarsjóði, eins og viðhorfin eru. Okkur virðist sjálfsgöð raunhæfni og skylda Alþingis að tryggja sjóðnum miklu riflegri tekjur strax á næsta ári og framvegis beint úr ríkissjóði, en ætla ríkissjóðnum aftur á móti skattgjaldstekjur álðraumsins eftir því, sem hann rætist, — auðvitað að frádregnu því, sem Hafnarfjarðarkaupstaður og Iðnlánasjóður eiga að fá af þeim tekjum, eins og skýrt er frá í umræddri frumvarpsgrein.

Við leggjum þar af leiðandi til, að a-liður 3. gr. frv. orðist þannig:

„2% af árlegum heildartekjum ríkissjóðs, í fyrsta sinn 1967, og miðist framlagið hvert ár við tekjurnar, eins og þær voru áætlaðar skv. fjárlögum næstliðins árs.“

Ef þetta fyrirkomulag hefði gilt á yfirstandandi ári, mundu tekjur sjóðsins af a-liðnum hafa orðið um 70 millj. kr., en árið 1967 mundu þær verða um 75 millj. kr., vegna dýrtíðarhækkunarinnar, nákvæmar sagt: hækkunar fjárlaganna, enda verður sjóðnum vegna hlutverka sinna nauðsynlegt, að tekjur hans hækki með hækkandi dýrtíð.

Við 6. gr. flytjum við tvær breytingartillögur, aðallega til lagfæringar á framsetningu.

Loks flytjum við tillögu um ákvæði til bráðabirgða, er gildi til 1968 og heimili stjórn sjóðsins skyndiaðgerðir þar, sem stuðningsþörf vegna eyðingarhættu byggðar álízt svo aðkallandi, að enga bið þoli.

Þess skal getið, að við teljum nafnið Atvinnuöfnunarsjóður of þröngt, af því að hlutverk hans er áformað viðtækara en atvinnuöfnun og þarf að vera það. En sökum þess að formaður fjárhagsnefndar féllst á, að nefndin skyldi taka til athugunar milli 2. og 3. umræðu málsins, hvort samkomulag gæti orðið um að breyta nafninu, flytjum við ekki að þessu sinni breytingartillögu um það.

Fyllri grein fyrir tillögum okkar og afstöðu okkar til málsins í heild mun verða gerð í framsögu.

Alþingi, 18. apríl 1966.

Karl Kristjánsson, Helgi Bergs.  
frsm.